

Nd.

31. Frumvarp til laga

[28. mál]

um kafarastörf.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stunda köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Köfun merkir í lögum þessum allar athafnir undir yfirborði vatns eða sjávar og annars staðar þar sem loft undir yfirþrýstingi er notað til öndunar.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill köfun, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

- a) vera fullra 16 ára.
- b) hafa með fullnægjandi árangri gengið undir tilskilda læknisskoðun.
- c) hafa staðist kafarapróf samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Við kafarapróf þau, sem getur í c-lið 3. gr. skal sannreynt hvort sá, sem prófið tekur, hafi fullnægjandi fræðilega og verklega þekkingu á kafarastörfum, meðal annars hvort hann þekkir allar almennar ráðstafanir til öryggis kafaranum meðan hann vinnur starf sitt, svo og, að hann hafi nákvæma þekkingu á hlutum þeim, sem notast við köfun, og hvernig þeim skuli haldið við.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja kafarapróf og fullnægja til þess skilyrðum a. og b. liðar 3. gr. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreina, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð.

5. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins afhendir hverjum þeim er fullnægir skilyrðum 3. gr. skirteini, sem viðkomandi sanni síðan hæfni sína með.

Halda skal nákvæma skrá um handhafa slíkra skirteina.

6. gr.

Kafaraskirteini samkvæmt 5. gr. skal endurnýja á fimm ára fresti og skal með umsókn um endurnýjun leggja fram fullnægjandi læknisvottorð. Eftir að handhafi skirteinis hefur náð 60 ára aldri, skal endurnýjun gerð árlega.

Nú er heilbrigðisvottorð ekki fullnægjandi eða árangur af læknisskoðun reynist vafasamur, eða leiki vafi á því hvort maður hafi gengið undir læknisskoðun og skal þá ekki gefa út nýtt skirteini. Rísi ágreiningur um þetta atriði skal málinu vísað til ráðherra, sem sker úr málinu eftir að hafa aflað sér umsagnar landlæknis.

7. gr.

Allur kafarabúnaður hverju nafni sem hann nefnist, skal vera af viðurkenndri gerð og merktur eftir því sem nauðsyn krefur, svo sem nafn framleiðanda, notkun-arreglur o. þ. h.

Ráðherra setur reglur um viðurkenningu og eftirlit samkvæmt þessari grein svo og gjöld í því sambandi.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu löglakskræf.

8. gr.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa eða til aðstoðar við djúpköfun, aðra en handhafa köfunarskirteinis, nánari kröfur um aðstoðarmenn skal setja í reglugerð. Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því, að hann fullnægi skilyrðum 7. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggja við að öðrum lögum.

10. gr.

Kafaraskirteini, sem menn hafa öðlast fyrir gildistöku laga þessara erlendis frá og talin eru jafngild skirteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skulu gilda áfram, en leita skal umsagnar Félags íslenskra kafara áður en skirteinin verða viðurkennd.

Hver sá maður, sem færir fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi, fyrir gildistöku laga þessara, stundað köfunarstörf í atvinnuskyni, án þess að hafa öðlast kafaraskirteini, en hefur þó með fullnægjandi árangri gengið undir læknisskoðun, sbr. 3. gr., getur innan árs frá gildistöku laganna öðlast kafaraskirteini hjá ráðuneytinu, enda mæli Félag íslenskra kafara með því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Frumvarpinu fylgdu þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Með bréfi, dags. 3. des. 1960, sendi Félag ísl. kafara iðnaðardeild Efri deildar Alþingis frumvarp til laga um kafarastörf, og fór þess á leit við nefndina, að hún flytti frumvarpið á Alþingi, en af því varð ekki.

Með greindu frumvarpi fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Félag íslenskra kafara hefur látið semja frumvarp þetta til laga um kafarastörf. Hefur við samningu frumvarpsins aðallega verið stuðst við dönsk lög um kafarastörf, lov om dykkernæring og betryggelse af dykkerarbejde.

Kafarar vinna mjög þýðingarmikil störf við skipa- og bátafloata landsmanna, bryggju- og hafnargerðir, orkuver og fleiri framkvæmdir, en vinna þeirra er hættuleg fyrir þá sjálfa og jafnvel aðra er nálægt störfum þeirra koma.

Þá er og brýn nauðsyn, að störf þessi séu vel af hendi leyst, en einnig þarf að tryggja að nægir hæfir menn fáist til starfans.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að tryggja þeim, sem köfun stunda í atvinnuskyni, ákveðinn starfsgrundvöll, og setja þeim jafnframt reglur um réttindi og skyldur í starfinu. Með þessu er einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara, og tryggja eftir föngum, að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis stofni ekki sjálfum sér eða öðrum í hættu. En til þess að ná þessu marki, þarf það opinbera að hafa hönd í bagga með þessari starfsemi eins og annarri, og ákveða með lögum og reglugerð helstu atriði sem starfinu viðkoma. Í því sambandi má sérstaklega benda á nauðsyn þess, að eftirlit sé haft með útbúnaði kafara.

Flest lönd í Vestur-Evrópu munu hafa sett reglur um starfsemi þessa, en hér á landi hafa ekki enn verið settar svipaðar reglur og annars staðar, þó að þeirra sé ekki síður þörf hér, eins og nú er komið.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins virðast skýra sig nægjanlega sjálfar en við flokkun kafaraskírteina, skilyrði til starfans, útbúnað kafara og eftirlit með þeim útbúnaði, er fylgt ákvæðunum í dönskum lögum.“

Málefni þessu var síðan ekki hreyft, þar til s.l. haust að vinnuhópur á vegum ráðuneytisins hóf samningu frumvarps þessa og var þá einkum stuðst við ákvæði danskra laga um sama efni, með hliðsjón af ofangreindu frumvarpi.

Vart er ástæða til að rekja frekar en að framan greinir um nauðsyn þess að öryggi við kafarastörf sé tryggt svo sem kostur er, en hvað varðar einstakar greinar frumvarps þessa skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt bann við því, að köfun sé stunduð, í atvinnuskyni, án þess að skilyrðum 3. og 4. gr. um tilskilið kafarapróf sé fullnægt. Við undirbúning frumvarpsins var um það rætt hvort láta ætti ákvæði greinar þessarar ná yfir frístundaköfun, en ekki þótti ástæða til þess að sinni enda ákvæði um slíkt óvída til í rétti annarra þjóða.

Um 2. gr.

Hér er gerð tilraun til að skilgreina við hvað er átt við með orðinu köfun og er með orðunum „annars staðar“ átt við þau tilvik þar sem notaður er afþrýstiklefi eða kúla, þegar komið er úr djúpköfun.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru talin þau skilyrði, sem fullnægja þarf til að mega stunda köfun. Aldursskilyrði þarfnast vart skýringa, en með tilskilinni læknisskoðun er átt við að líkamleg hreysti viðkomandi sé slík að honum sé ekki hættu búin við þær erfiðu aðstæður er orðið geta við köfun.

Um kafarapróf vísast til athugasemda við 4. gr.

Um 4. gr.

Grein þessi skýrir sig að mestu leyti sjálf, en gert er ráð fyrir því að námsgreinar þær sem kenndar verða á námskeiðum þeim sem talað er um í greininni, svo og kröfur er gerðar yrðu við próf að þeim loknum miðist við útgáfu a. m. k. tveggja mismunandi tegunda skírteina, þ. e. skírteini til köfunar í atvinnuskyni á grunnsævi og til djúpköfunar í atvinnuskyni.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að Siglingamálastofnun ríkisins afhendi greind skírteini og haldi yfir þau skrá, er geymi sem nákvæmastar upplýsingar um handhafa þeirra.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Vart þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að allur búnaður til köfunar sé af sem fullkomnastri gerð og allt eftirlit með honum sé hið strangasta, en þar sem mjög ör þróun er við gerð köfunarbúnaðar þykir ekki rétt að fjalla nánar um það atriði í lögunum sjálfum heldur ætla slíku rúm í reglum og reglugerðum.

Um 8.—11. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.“